

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum farmi,
nr. 984 27. desember 2000, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „og nr. 2001/7“ í 1. mgr. 2. gr. kemur: nr. 2001/7 og nr. 2003/28.

2. gr.

Í 1. mgr. 23. gr. breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „og nr. 2001/7“ komi: nr. 2001/7 og 2003/28.
- b. Á eftir „sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 44. hefti 2001, bls. 18“ komi: og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2003.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 60. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, til innleiðingar á tilskipun 2003/28/EB, sem vísað er til í XIII. kafla, II. viðauka við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. október 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.